



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**572. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 22. janúar 2024  
og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Samgöngusáttmálinn - Sex mánaða skýrsla - 2003010**

Fyrirliggjandi til kynningar og umræðu er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna dags. desember 2023, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans. Þorsteinn Hermannsson og Þröstur Guðmundsson kynna helstu atriði skýrslunnar, framgang og stöðu einstakra verkefna. Umræður.

**Gestir**

Þorsteinn Hermannsson forstöðumaður þróunar hjá Betri samgöngum ohf.

Þröstur Guðmundsson forstöðumaður verkefna og áætlana hjá Betri samgöngum ohf.

**Niðurstaða:**

*Sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf. er lögð fram og er skrifstofu SSH falið að senda hana aðildarsveitarfélögum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.*

**2. Almenningsamgöngur - Ábati, markaðsgreining og markaðssetning - Sóknaráætlun 2023 - 2303008**

Kynning á stöðu ofangreinds áhersluverkefnis sóknaráætlunar sem var unnið að á árinu 2023. Markús Vilhjálmsson ásamt Jóhannesi Rúnarssyni kynnir verkefnið. Verkefnið fól m.a. í sér kynningarherferð og mælingar á breytingum á viðhorfi sem rekja má til hennar en markmiðið er að efla jákvæða umræðu og auka notkun. Skýrsla vegna verkefnisins er í vinnslu og væntanleg innan skamms.

**Gestir**

Markús Vilhjálmsson deildarstjóri sölu- og markaðsdeildar Strætó bs.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*



### 3. Kadeco - Hjólastígur milli flugstöðvar KEF og RVK - 2312006

Fyrirliggjandi er erindi frá Kadeco dags. 12. desember 2023 þar sem óskað er frekara samtals og aðkomu SSH og SSS (Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum) að undirbúningi hjólaleiðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins, sbr. og sameiginlega ályktun SSS og SSH dags. 12. maí 2023. Þá er fyrirliggjandi tilkynning um afgreiðslu stjórnar SSS á erindinu, dags. 17. janúar 2024, en hún hefur tilnefnt formann Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja í samstarfsvettvanginn. Lagt fram til umræðu og ákvarðanatöku um næstu skref aðkomu SSH að verkefninu.

**Niðurstaða:**

*Málinu er frestað.*

### 4. Forvarnir - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2112004

Fyrirliggjandi til kynningar er lokaskýrsla verkefnis um jafningjafræðslu um jákvæða netnotkun meðal grunnskólanema sem er eitt af verkefnum sóknaráætlunar og unnin var í samstarfi við Heimili og skóla og SAFT.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar.*

*Skýrslunni verði vísað til skólamálanefndar SSH sem taki afstöðu til frekari nýtingar niðurstaðna hennar innan skólastarfs á höfuðborgarsvæðinu.*

### 5. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 420. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 17. janúar 2024 ásamt fylgigögnum.

Samhliða er lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 12. janúar 2024 þar sem fram kemur bókun frá fundi öldungaráðs Reykjavíkurborgar dags. 10. janúar 2024 vegna gjaldtöku af 67 ára og eldri á skíðasvæðunum.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

### 6. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 17. október 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 10. janúar 2024.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**